



Félag
leikskólakennara

Félag stjórnenda í
leikskólum

Vinnuumhverfi barna og fullorðinna í leikskólum

Tillögur starfshóps FL og FSL um
rými, réttindi og starfsaðstæður
barna og fullorðinna í leikskólum og
um samráð leikskólastjóra og
rekstraraðila

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
1.1	Fulltrúar starfshópsins	3
1.2	Tillögur starfshópsins	4
2.	Verkefnið og þróun þess	4
2.1	Rými	4
2.2	Kannanir	5
3.	Niðurstöður kannana	5
3.1	Svarhlutfall og dreifing	5
3.2	Deildarrými	7
3.3	Rými deildar og sameiginlegra svæða	8
3.4	Aukið rými vegna stoðtækja	8
3.5	Rými fullorðinna	9
3.6	Samráð um barnafjölda	9
3.7	Ákvörðun um fjölda barna í leikskóla og á deild	11
3.8	Áhrif á fjölda barna	11
3.9	Ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins	14
4.	Ályktanir um niðurstöður og umræða um 6. grein	15
5.	Umræða og tillögur	16
	Viðauki	18

1. Inngangur

Umræða um starfsumhverfi leikskóla hefur verið áberandi meðal leikskólafólks undanfarin ár. Starfsumhverfi leikskóla er mótaður rammi í [lögum um leikskóla nr. 90/2008](#), [Aðalnámskrá leikskóla](#) frá 2011 og [reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009](#). Víða er kallað eftir auknu rými fyrir hvert barn, fámennari barnahópum og fækkun barna á hvern kennara. Einnig er kallað eftir fjölgun leikskólakennara og tíma og svigrúmi til starfsþróunar. Að auki hefur verið rætt um endurskoðun á opnunartíma leikskóla og starfstíma hans.

Árið 2018 [ályktaði](#) aðalfundur Félags stjórnenda í leikskólum (FSL) um starfsumhverfi leikskólakennara og í maí sama ár [ályktaði](#) Félag leikskólakennara (FL) um velferð og líðan barna. Árið 2019 kom út skýrsla [Talis 2018](#) fyrir leikskólastigið. Niðurstöður skýrslunnar styðja við áhyggjur FSL og FL en í ljós kom að meirihluti íslenskra leikskólakennara telur stærð barnahópa streituvald, eða 61% svarenda sem er yfir meðaltali innan Evrópu en á pari við önnur Norðurlönd. Enn fremur nefndu leikskólastjórar þrengsli í leikskólum sem eina af fáum hindrunum í vegi fyrir gæðaskólastarfi. Nú í maí 2021 komu út tvær skýrslur annars vegar [Styrking leikskólastigsins](#) frá starfshópi á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hins vegar [Umbætur og skipulag leikskólastarfs](#) frá stýrihópi á vegum Reykjavíkurborgar sem tekur undir tillögur starfshóps ráðuneytisins. Niðurstöður voru m.a. á þá leið að fjölga verði leikskólakennurum og endurskoða allt starfsumhverfi leikskóla. Öll ofangreind gögn styðja við og sýna að þörfin fyrir dýpri umræðu, endurskoðun og breytingar er til staðar.

Stjórnir FL og FSL ákváðu á vordögum 2020 að setja saman breiðan starfshóp. Hópnum var gert að skrifa skýrslu þar sem fram kæmu tillögur að aðgerðum sem fara mætti í til að bæta starfsaðstæður barna og starfsfólks leikskóla og/eða breytingum á 4. gr. reglugerðar um leikskóla 655/2009. Starfshópurinn hittist fyrst á fundi 14. september 2020 og fundaði 18 sinnum en lauk störfum í september 2021. Frágangur skýrslu var í höndum starfskonu nefndarinnar, Sigrúnar Birnu Björnsdóttur. Skýrslunni var skilað af formanni starfshópsins, Sveinlaugu Sigurðardóttur, 7. október 2021 til formanna FL og FSL að viðstöddum stjórnnum beggja aðildarfélaga.

1.1 Fulltrúar starfshópsins

Í hópnum sátu:

Anna Björk Marteinsdóttir formaður vinnuumhverfisnefndar KÍ
Anna Magnea Hreinsdóttir af Menntavísindasviði Háskóla Íslands
Hörður Svavarsson skipaður af FL og FSL
Kristín Dýrfjörð, frá Háskólanum á Akureyri, skipuð af FL og FSL
Sigrún Hulda Jónsdóttir skipuð af FSL
Sveinlaug Sigurðardóttir, formaður starfshópsins, skipuð af FL

Óskað var eftir tilnefningum í hópinn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einstökum sveitarfélögum en þeim óskum var hafnað á þeim grundvelli að frumkvæði að umræðu um reglugerðir ætti að koma frá tilheyrandi ráðuneyti. Ekki barst svar við beiðni um þátttöku frá menntamálaráðuneytinu.

1.2 Tillögur starfshópsins

Tillögur starfshópsins eru eftirfarandi en fjallað er um þær í 5. kafla.

1. Bæta þarf inn í reglugerð um leikskóla lágmarksviðmiði um stærð leikrýmis sem tilheyrir leikskóladeild, þ.e. þess svæðis sem nýtist til leiks og náms allan daginn. Í samræmi við niðurstöður kannananna leggur starfshópurinn til að það viðmið verði ekki minna en 5,8 m² fyrir hvert barn.
2. Taka þarf tillit til reglugerðar um húsnæði og vinnustaði 581/1995 um lágmarksviðmið um rými fyrir hvern fullorðinn. Gera skal ráð fyrir 4,8 m² til viðbótar við það rými sem tilheyrir hverju barni.
3. Gera þarf ráð fyrir rými fyrir stoðtæki vegna sérþarfa barna.
4. Samkvæmt nágildandi reglugerð um starfsumhverfi leikskóla á leikskólastjóri að taka ákvörðun um fjölda barna, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu. Setja þarf markvissar verklagsreglur um slíkt samráð svo umboð leikskólastjóra, til að taka ákvörðun um barnafjölda í leikskólum hverju sinni, verði afdráttarlaust.

2. Verkefnið og þróun þess

Fljótlega eftir að hópurinn hittist fyrst var tekin sú ákvörðun að senda út könnun til allra félagsmanna í FSL og FL. Snemma í ferlinu var einnig tekin ákvörðun um að senda út könnun til fræðslustjóra hjá sveitarfélögum til að fá yfirsýn yfir ferla, hugmyndafræði og sýn allra þeirra sem vinna að málaflokknum, þ.e. rekstraraðila, stjórnenda og kennara. Einkum var horft til samráðs stjórnenda og rekstraraðila og viðhorfa til rýmis barna og starfsfólks þar sem umræða um það hefur verið áberandi. Niðurstöður starfshópsins byggja m.a. á niðurstöðum þessara kannana.

2.1 Rými

Allt frá því að ríkið dró sig endanlega út úr fjármögnun á byggingu og rekstri leikskóla hefur leikrými barna á leikskóladeildum verið skert með ýmsum breytingum á reglugerðum. Þannig virðist leikrými á deildum hafa minnkað úr tæpum 5 m² hjá Sumargjöf á sjöunda áratug seinustu aldar, yfir í um og undir 3 m², eins og vísbendingar eru um að það sé núna.

Í brottfallinni reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 255/1995 var kveðið á um húsnæði, búnað og útileiksvæði leikskóla. Þar var kveðið á um að húsnæði leikskóla skyldi miðast við 7 m² heildarrými fyrir hvert barn samtímis í leikskóla utan þess tíma sem hópar skarast, þar af væru leikrými a.m.k. 3 m² fyrir hvert barn. Árið 2001 var gerð breyting á reglugerðinni þannig að heildarrými var minnkað í 6,5 m² fyrir hvert barn samtímis í leikskóla utan þess tíma sem hópar skarast, að öðru leyti hélt fyrri reglugerð.

Í reglugerðinni 1995 kom fram að við hönnun húsnæðis væri gert ráð fyrir að hver deild eða starfseining hefði hússkipan sem miðaðist við að mögulegt væri að starfa í samræmi við uppeldis- og námssvið gildandi uppeldisáætlunar fyrir leikskóla. Gera átti ráð fyrir leikstofum, aðstöðu barna til hvíldar og hreyfileikja; snyrtiaðstöðu fyrir börn, fataherbergi með þurrkaðstöðu; geymslum, þ.m.t. geymslu fyrir útiáhöld og vagna þar sem starfsemin gaf tilefni til; skrifstofu leikskólastjóra, viðtalsherbergi, sameiginlegu rými til funda foreldra og starfsfólks, aðstöðu til undirbúningsvinnu starfsmanna; matar- og hreinlætisaðstöðu starfsfólks; eldhúsi, matvælageymslum og ræstihherbergi. Gera átti einnig ráð fyrir aðgengi og aðstöðu fyrir fötluð börn og börn með sérþarfir og vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk sem vinnur með þeim börnum. Við hönnun nýrra útileiksvæða og þar sem því væri við

komið við eldri leikskóla átti að miða við a.m.k. 30-40 m² fyrir hvert barn. Útileiksvæði skyldi þó aldrei vera minna en 20 m² fyrir hvert barn.

Núgildandi reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655 tók gildi árið 2009. Í henni er ekki tilgreindur fermetrafjöldi fyrir hvert barn heldur talið upp hvað telst til nauðsynlegrar lágmarksaðstöðu. Hún er talin vera deildarrými og viðeigandi aðstaða, búnaður og tækjakostur fyrir leik, nám og hvíld barna samkvæmt lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla, rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir, fjölnotarými til hreyfileikja, þjálfunar, listsköpunar og annarra viðburða, aðstaða til að neyta málsverða, aðskilin hreinlætisaðstaða fyrir börn og starfsfólk, þurrkaðstaða fyrir fatnað barna og starfsfólks, afmörkuð og skipulögð skólalóð með áherslu á sem mesta fjölbreytni í leik- og námsaðstöðu með tilliti til mismunandi aldurshópa og þarfa, þ.m.t. þarfa fatlaðra barna, vinnurými fyrir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og annað starfsfólk og setustofa fyrir starfsfólk.

Vinnuumhverfi starfsfólks leikskóla skiptir afar miklu máli. Í reglum um húsnæði vinnustaða [581/1995](#) 5. grein er kveðið á um að sérhver starfsmaður skuli að jafnaði njóta 12 m³ loftrýmis við vinnu sína en það reiknast sem 4,8 m² á starfsmann. Enn fremur skal taka tillit til þess rýmis sem húsgögn og annar húsbúnaður tekur og hafa í huga að minnsta „stærð vinnuherbergis, sem unnið er í að staðaldri meginhluta vinnudags, skal vera 7 m².“ Mikilvægt er að fylgja þessum reglum þegar kemur að skipulagi skólastarfs leikskóla þar sem vinnuaðstæður starfsfólks þurfa að vera viðunandi og samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þetta rými reiknast án þess rýmis sem ætlað er fyrir börn.

2.2 Kannanir

Gerðar voru þrjár kannanir í Survey Monkey, þar sem hóparnir þrír fengu sambærilega en ekki samhljóða könnun sniðna að sínu sviði. Allar kannanirnar tóku til viðhorfa til rýmis og fjölda barna í leikskólum. Að auki var samráð milli sveitarfélaga og leikskólastjóra kannað. Spurt var um hvernig ákvarðanir um fjölda barna í leikskólum á hverjum tíma væru teknar og hverjir kæmu að ákvarðanatökunni. Beðið var um upplýsingar um hvort hún væri í samráði við leikskólastjóra og á hvaða atriðum ákvörðunin byggði. Einnig var spurt um hvað þátttakendur teldu hæfilegan fermetrafjölda í leikrými barna og deildarrými og hvort taka ætti tillit til fjölda fullorðinna við ákvörðun um fermetrafjölda. Að auki var spurt hvort tekið væri tillit til nauðsynlegra stoðtækja fyrir börn með sérþarfir í ákvörðun um fermetrafjölda á barn. Send var slóð á kannanir með Eplum (fréttariti aðildarfélagi KÍ) til félagsfólks FL og FSL. Einnig var send slóð á könnun á félagaskrá Grunns, félagsfræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum.

Í næstu köflum verða niðurstöður kannananna settar fram, annars vegar um rými innan leikskólans fyrir hvert barn og fullorðinn og hins vegar um samráð við ákvarðanatöku um fjölda barna. Að auki verður umræða um niðurstöður kannananna og rætt um helstu áherslur í 6. grein reglugerðar nr. 655/2009. Spurningar kannananna má sjá í viðauka.

3. Niðurstöður kannana


3.1 Svarhlutfall og dreifing

Þátttakendur könnunarinnar voru allt félagsfólk FSL, allt félagsfólk FL og allt félagsfólk Grunns-félagsfræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa. Benda má á að ekki er um úrtak að ræða heldur fékk allt þýðið kannanirnar.


Svarhlutfall könnunar, sem sjá má á mynd 1, meðal félagsfólks FSL var með ágætum, en 198 leikskólastjórar svöruðu af 451, eða um 43,2%. Ekki reyndist svarhlutfallið jafn gott hjá hinum tveimur

hópunum en 620 af 2289 félögum FL svöruðu, eða um 27,6%, og 17 félagar í Grunni af 71, eða um 23,4%. Niðurstöður ber því að túlka af varkárni, en samt má telja að þær gefi vísbendingar um viðhorf til náms- og starfsumhverfis.

Mynd 1 – Svarhlutfall félagsfólks FSL, FL og Grunnns sem hlutfall af þýði hvers félags




Mynd 2a- Dreifing svara FL félaga í hlutfalli við félagafjölda hvers svæðis.



Þátttakendur voru hvaðanæva af landinu og má sjá hlutfallslega dreifingu þeirra á myndum 2a og 2b. Myndirnar sýna dreifingu félaga í FSL og FL á sömu landsvæðum sem hlutfall af félagaskrá.


Mynd 2b - Dreifing svara félaga FSL í hlutfalli við félagafjölda hvers svæðis



3.2 Deildarrými

Niðurstöður allra þriggja kannananna sýndu að þátttakendur töldu að börn í leikskólum hefðu ekki nægilegt rými til leiks og náms innan deildar. Félagar Grunnns voru spurðir hvort þeim fyndist rými samkvæmt viðmiði nægjanlegt fyrir hvert barn. FL og FSL félagar voru spurðir hvað þeim fyndist um það deildarrými sem hvert barn hefði. Meirihluti félaga í Grunni eða 64,3%, sagði rýmið ekki nægilegt fyrir börnin en eins og sjá má á mynd 3 telur meirihluti félaga í FL og FSL deildarrými barna allt of lítið eða of lítið, eða 81% félaga í FL og 78% félaga í FSL.

Mynd 3 - Hvað finnst þér um deildarrýmið sem hvert barn hefur til leiks og náms?



Í töflu 1 má sjá meðaltal stærðar þess rýmis sem þátttakendur töldu æskilegt að börn hefðu til leiks og náms. Um 42% þeirra FL félaga sem svöruðu töldu sig ekki vita svarið. 18% leikskólastjóra sögðust ekki vita hvert rýmið ætti að vera og 15% fræðslustjóra.

Tafla 1 - Hvað telur þú hæfilegan fermetrafjölda í leikrými fyrir hvert barn innan deildar?

Tafla 1

Hvað telur þú hæfilegan fermetrafjölda í leikrými fyrir hvert barn innan deildar?

	Grunnur	FSL	FL	Alls
Fjöldi svara	11	156	340	507
Meðaltal m ²	6,81	5,75	5,76	5,78


3.3 Rými deildar og sameiginlegra svæða

Þegar spurt var um rými deildar og sameiginlegra svæða nefndu félagar FL hæfilegan fermetrafjölda að meðaltali 6,8 m² en athygli vakti að 47% þeirra sögðust ekki vita hvaða rýmisstærð væri æskileg. FSL félagar töldu að 5,7 m² að meðaltali væru hæfilegt rými fyrir hvert barn, en 24,6% sögðust ekki vita hvert rýmið ætti að vera. Félagar í Grunni voru ekki spurðir um þennan þátt.

3.4 Aukið rými vegna stoðtækja

Í nágildandi reglugerð stendur: „Huga ber sérstaklega að því að börn með sérþarfir geti eftir atvikum þurft aukið rými svo sem vegna nauðsynlegra stoðtækja.“ Er þar með gert ráð fyrir að skipulag skólstarfs skuli taka mið af samsetningu og þörfum barnahópsins og sérfræðipjónustu þegar fjöldi barna er áætlaður. Hóparnir voru spurðir hvort tekið væri tillit til þessa við skipulagningu skólstarfs. Félagar Grunns töldu í 50% tilvika að tekið væri tillit til stoðtækja í rými en félagar FSL töldu það einungis gert í 20% tilvika og félagar í FL í 9% tilvika.


Mynd 4 - Er gert ráð fyrir auknu rými vegna nauðsynlegra stoðtækja barna með sérþarfir?



3.5 Rými fullorðinna

Meirihluti allra þátttakenda var sammála um að taka þyrfti tillit til fullorðinna í rými þegar skólastarf væri skipulagt, eins og sjá má á mynd 5.

Mynd 5 - Á fermetrafjölda að taka tillit til fullorðinna í rými?



Þátttakendur voru beðnir að nefna þann fermetrafjölda, á kvarðanum 1-10, sem þeir teldu æskilegan fyrir hvern fullorðinn innan deildar og var meðalfermetrafjöldi félaga í Grunni 4,5 m², félaga FSL 4,1 m² en félaga FL 3,8 m². Eins og sjá má á töflu 2 telur 51% félagsfólks FL sig ekki vita svarið, en 33% félaga í Grunni og 29% í FSL.

Tafla 2 - Hvað telur þú að hver fullorðinn á þinni deild eigi að hafa marga fermetra innan deildarinnar?

Hvað telur þú að hver fullorðinn á þinni deild eigi að hafa marga fermetra innan deildar


	Grunnur	FSL	FL
Veit ekki	33%	29%	51%
Meðaltal m ²	4,5	4,1	3,8

3.6 Samráð um barnafjölda

Í reglugerð 655/2009 6. gr. 1. mgr. er kveðið á um að leikskólastjóri „að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni.“ Að þessu sögðu er vert að skoða niðurstöður þar sem spurt var út í samráð milli stjórnenda og rekstraraðila þar sem rýnt er sérstaklega í tölur eftir landshlutum.


Leikskólastjórar og fræðslustjórar voru spurðir um samráð milli rekstraraðila og leikskólastjóra. Fræðslustjórar töldu samráð með ágætum og að leikskólastjóri komi að ákvörðun um fjölda barna með reglulegum hætti. Meirihluti fræðslustjóra sagði samráðsfundi reglulega. Leikskólastjórar voru spurðir um samráð með sama hætti og fræðslustjórar. Greina má svör leikskólastjóra eftir landshlutum og má sjá svarhlutfall á mynd 6.

Mynd 6 - Hvernig upplifir þú sem stjórnandi samráð við rekstraraðila vegna barnafjölda?



Mynd 6 sýnir að munur reynist á upplifun leikskólastjóra á samráði vegna barnafjölda eftir landshlutum. Virðist samráð hvað mest á Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi en hvað minnst í stærstu sveitarfélögunum. Leikskólastjórar sem töldu samráð vera gott eða sæmilegt sögðust margir hverjir ná að knýja fram breytingar með faglegum rökum og að á þá væri hlustað. Þeir sem töldu lítið eða ekkert samráð sögðust sumir reyna að koma með fagleg rök fyrir fjöldatölum en rök þeirra og sérfræðiþekking væri virt að vettugi. Svarhlutfall var 92,4%.

Mynd 7 - Hversu oft á samráð milli rekstraraðila og leikskólastjóra sér stað?




Leikskólastjórar voru einnig spurðir hversu oft þetta samráð ætti sér stað (sjá mynd 7) og kom í ljós að samráð virðist hvað virkast á Austurlandi en fundað er árlega eða oftar í fjórum af sex landshlutum og bera stærstu sveitarfélögin aftur skarðan hlut frá borði. Svarhlutfall var 99,5%. Virðist samráð við leikskólastjóra hvað minnst í Reykjavík og sveitarfélögunum þar í kring. Mest samráð virðist vera á Austurlandi en einnig töluvert á Suðurlandi og Reykjanesi og er það samhljóma fyrri niðurstöðum.

3.7 Ákvörðun um fjölda barna í leikskóla og á deild

Spurt var hver tæki ákvörðun um fjölda barna í þeim leikskólum þar sem þeir FSL félagar sem tóku þátt starfa.

Mynd 8 - Hver ákveður fjölda barna í leikskólum sveitarfélagsins? FSL




Eins og sjá má á mynd 8 voru svör þeirra skýr og staðfestu enn frekar að samráð er mismikið; mest á Austurlandi og Suðurlandi og Reykjanesi en minnst í Reykjavík og sveitarfélögunum þar í kring. Félagar í FL voru spurðir sömu spurningar og telja þeir leikskólastjóra hafa töluvert meiri völd en þeir sjálfir telja.

3.8 Áhrif á fjölda barna

Spurt var hvað hefði áhrif á ákvarðanir um fjölda barna í leikskólum og tók spurningin mið af reglugerðinni þar sem segir: „Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólustarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.“ Spurt var: „Hvað af eftirfarandi atriðum hefur áhrif á ákvörðun um fjölda barna?“ Spurningin var fjölvalsspurning svo hægt var að merkja við fleiri en einn þátt en velja mátti á milli:

- Samsetning barnahópsins
- Dvalartími barna dag hvern
- Aldur barna
- Þarfir barna
- Samsetning starfsmannahópsins
- Veit ekki


Mynd 9 - Hvað af eftirfarandi atriðum hefur áhrif á ákvörðun um fjölda barna? (Merktu við allt sem við á) Grunnur




Spurningin var lögð fyrir félagi í Grunni og kom í ljós að þátttakendur töldu aldur barna hafa mest áhrif á ákvörðunina, eða 100%, en að þarfir barna hafi áhrif í 82% tilvika. Minnst áhrif hefur samsetning starfsmannahópsins (sjá mynd 9).

Félagar í FSL (mynd 10) töldu rétt eins og félagar í Grunni að aldur barna hefði mest áhrif á ákvörðunina, eða í 72% tilvika, en aftur á móti töldu leikskólustjórar að þarfir barna stýrðu ákvörðuninni í 44% tilvika. Samhljómur virðist milli féлага í FSL og Grunni um hina þættina þrjá.

Mynd 10 - Hvað af eftirfarandi atriðum hefur áhrif á ákvörðun um fjölda barna? (Merktu við allt sem við á) FSL



Mynd 11 – Hvað af eftirfarandi atriðum hefur áhrif á fjölda barna? FSL eftir sveitarfélögum




Þegar rýnt var í niðurstöður spurningarinnar hjá félögum í FSL eftir sveitarfélögum, sem sjá má á mynd 11, kom berlega í ljós að sveitarfélög taka mismikið mið af þessum þáttum við ákvarðanatöku þrátt fyrir þau áhrif sem þeir hafa á starf í leikskólum. Ljóst er að aldur barna vegur þyngst þegar ákvörðun um fjölda er tekin, eins og áður hefur komið fram, en þáttur eins og samsetning barnahópsins hefur einnig áhrif. Ekki virðist sem þarfir barna hafi eins mikið að segja þegar spurningin er brotin upp milli sveitarfélaga. Eins og áður sker Austurland sig úr hópnum en þar virðist tillit tekið til allra þessara þátta þótt aldur barna vegi þyngst.


3.9 Ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins

Félagar í FSL voru spurðir hver tæki ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins. Í Reykjavík virðast bæði rekstraraðili og leikskólastjórar hafa sitt að segja þegar kemur að slíkum ákvörðunum en í sveitarfélögum í kringum höfuðborgina virðist rekstraraðili hafa meira að segja. Annars staðar á landinu virðast leikskólastjórar stýra frekar ráðningum í sínum leikskólum.

Mynd 12 - Hver tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins?



Mynd 13 - Er ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahóps tekin í samráði við leikskólastjóra?



4. Ályktanir um niðurstöður og umræða um 6. grein

Í 6. grein reglugerðar 655/2009 um fjölda barna segir:

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólustarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Til að ná markmiðum laga um leikskóla og aðalnámskrár skal þess gætt að nægilegt rými sé fyrir hvert barn á hverri deild þar sem meginhluti umönnunar, náms og uppeldis fer fram. Huga ber sérstaklega að því að börn með sérþarfir geti eftir atvikum þurft aukið rými svo sem vegna nauðsynlegra stoðtækja.

Sveitarfélögum er heimilt að binda leyfi sveitarfélags til annarra rekstraraðila við ákveðinn hámarksfjölda barna, sbr. 15. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Að öðru leyti fara rekstraraðilar með ákvörðun um fjölda barna, sbr. 1. mgr.

Megináhersla 6. gr. reglugerðarinnar er á samráð og samtal stjórnenda leikskóla og rekstraraðila eins og fyrr hefur komið fram. Ráða má af svörum leikskólastjóra að samráði sé ábótavant í einstökum sveitarfélögum á meðan það er með ágætum í öðrum. Kom fram í máli leikskólastjóra að sveitarfélög gera almennt körfu um fagleg rök fyrir fækkun barna, sem er eðlilegt, en í nokkrum sveitarfélögum virðast þau þó virt að vettugi. Einnig kom fram að einhver sveitarfélög nýta reiknilíkan sem oft byggir á brottfallinni reglugerð við mat á fjölda barna.

Í 6. gr. stendur einnig: „Til að ná markmiðum laga um leikskóla og aðalnámskrár skal þess gætt að nægilegt rými sé fyrir hvert barn á hverri deild þar sem meginhluti umönnunar, náms og uppeldis fer fram. Huga ber sérstaklega að því að börn með sérþarfir geti eftir atvikum þurft aukið rými svo sem vegna nauðsynlegra stoðtækja.“ Reglugerðin gerir þannig ráð fyrir að hugað sé að þörfum hvers barns og um leið séu þarfir hópsins sem heildar metnar. Ef horft er til niðurstaðna þeirra spurninga þar sem spurt var um rými barna til leiks og náms kemur berlega í ljós að allir þátttakendur eru sammála um að börn hafi almennt of lítið rými til að gæðanám geti farið fram. Einnig er ljóst að þeir sem vinna á vettvangi telja að ekki sé tekið mið af þörfum barna með sérþarfir þegar fjöldi í rými er áætlaður. Athygli vekur að 50% félagsmanna Grunns eru því sammála. Að auki telja 82% félagar í Grunni að þarfir barna hafi áhrif á ákvörðun um fjölda barna í leikskólum á meðan 44% leikskólastjóra telja að svo sé. Þetta ósamræmi í svörum hlýtur að vekja spurningar er varða fjölda barna í rými og til hvaða þátta er einkum horft við þá ákvörðun.

Í reglugerðinni sem starfshópurinn fjallar um segir að leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, taki ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Eftir nærri tólf ára reynslu og aðlögun að þessari reglugerð er niðurstaða leikskólastjóranna sjálfra í svörum sínum til starfshópsins, að einungis um helmingur þeirra, eða 51,5%, taki þessa ákvörðun. Vísbendingar eru einnig um að þessi helmingur leikskólastjóra sem telur sig hafa umboð að hluta eða öllu leyti til að ákveða barnafjöldann þurfi að taka tillit til margvíslegra sjónarmiða því 79% leikskólastjóra telja rýmið sem hvert barn hefur á sinni deild til leiks og náms vera lítið eða allt of lítið.

Ljóst er að þeir sem vinna á vettvangi telja að rými barnanna sé of lítið. Samhljómur er í svörum þeirra við spurningunum; *Hvað finnst þér um fjölda barna á þinni deild?* og *Hvað finnst þér um deildarrýmið sem hvert barn hefur til leiks og náms?* Spurningunni „Hvað finnst þér um fjölda barna á þinni deild?“ svara 72% félagar í FL sem tóku afstöðu svo að börnin séu of mörg eða allt of mörg. Við spurningunni

um hvað þeim finnst um rýmið segja 81% þeirra sem afstöðu tóku að það sé of lítið eða allt of lítið en einungis 0,16% að það sé of stórt eða allt of stórt. Um 18,7% telja rýmið hæfilegt.

Þegar félagar í FL voru spurðir hvað þeir teldu hæfilegan fermetrafjölda fyrir hvert barn á deild sögðu um 80% 4m² eða meira vera hæfilegt rými. Reyndar segja 42,9% þeirra að 6m² eða meira sé hæfilegur fermetrafjöldi fyrir hvert barn innan deildar. Félögum í FL gafst kostur á að svara þessari spurningu á nokkuð víðum kvarða en að meðaltali telja þeir sem tóku afstöðu við þessari spurningu að 5,75m² séu hæfilegur fjöldi fermetra fyrir hvert barn í leik og námsrými innan deildarinnar.

5. Umræða og tillögur

Niðurstöður kannananna sem lagðar voru fyrir skólastjóra, starfsfólk og rekstraraðila leikskóla á landinu benda til þess að huga þurfi að náms- og starfsumhverfi þeirra sem eru þar við leik, störf og nám. Afgerandi er sú skoðun að rými barna sé ekki nægilegt hvort sem um er að kenna skorti á fermetrum eða of mörgum börnum í rými. Einnig eru þátttakendur sammála um að huga þurfi að starfsaðstæðum starfsfólks og gera ráð fyrir rými fyrir það. Hópastærð barna og fjöldi barna á hvern kennara hefur töluverð áhrif á marga þætti skólastarfs. Einkum er hér átt við mönnun og stjórnun en ekki síst árangur og gæði skólastarfsins. Vitað er að hæfileg stærð barnahópa tryggir að hvert barn fái nægilega athygli sem er mikilvægt fyrir félags- og tilfinningaþroska ungra barna, líkamlega vellíðan og alhliða nám þeirra. Náin samskipti kennara og barns hjálpa börnum að öðlast öryggi og draga úr kvíða, bæði fyrir börn og kennara.

Engin lágmarksviðmið eru skilgreind í reglugerðum, hvorki fermetrar né hópastærðir á hvern kennara, svo ætla má að skólastjórar og rekstraraðilar þurfi að komast að sameiginlegum faglegum viðmiðum sem taka tillit til reglugerðarinnar og laga um leikskóla. Til að ná markmiðum laga um leikskóla og aðalnámskrár skal þess gætt að nægilegt rými sé fyrir hvert barn á hverri deild þar sem meginhluti umönnunar, náms og uppeldis fer fram. Mörg sveitarfélög eru að endurskoða hópastærðir og meta rýmisþörf og er það jákvætt en ljóst er af svörum stjórnenda að þeir hafa mismikið vald þegar kemur að ákvörðun um fjölda barna og virðist í mörgum tilfellum ekki hlustað á fagleg rök þeirra þrátt fyrir að áhersla sé á það í reglugerð. Mikilvægi góðs og heilbrigðs vinnuumhverfis þarf ekki að fjölyrða um enda er það einn lykilþátta vellíðunar á vinnustað og skiptir hæfilegt rými til leiks, náms og starfs þar hvað mestu.

Samsvörun er milli þess sem leikskólastjórar og leikskólakennarar telja hæfilegan fermetrafjölda fyrir hvert barn á deild. Ríflega 90% leikskólastjóra telja að fermetrar á barn ættu að vera 4 eða fleiri og tæplega 40% þeirra telja 6 m² eða fleiri vera hæfilegan fermetrafjölda fyrir hvert barn innan deildar. Að meðaltali telja leikskólastjórar sem tóku afstöðu til þessarar spurningar að 5,75 m² séu hæfilegur fjöldi fyrir hvert barn í leik- og námsrými innan deildarinnar, sem er sama niðurstaða og hjá félögum í FL. Svör þátttakenda byggja á núverandi aðstæðum þar sem ekki er gert ráð fyrir tilteknum fermetrafjölda fyrir hvern fullorðinn. Athygli vekur sá fjöldi félaga í FL sem telur sig ekki þekkja rýmisþörfina þegar spurt er hvað þeir telji hæfilegan fermetrafjölda í leikrými fyrir hvert barn innan deildar og sameiginlegra svæða. Um 47% þeirra sem svara telja sig ekki vita þá þörf og gefur það vísbendingar um að rýmistilfinningu mætti bæta með fræðslu.

Hafi það verið ætlan stjórnvaldsins að tryggja réttindi og góðar aðstæður barna í leikskólum með því að fela leikskólastjórum, með setningu reglugerðarinnar, umboð til að taka ákvörðun um fjölda barna í leikskólum hverju sinni er ljóst að það hefur ekki tekist. Annars vegar upplifir ekki nema helmingur leikskólastjóra að hann hafi umboð til að taka þessa ákvörðun að hluta eða öllu leyti og hins vegar er afgerandi afstaða bæði félaga í FL og leikskólastjóra að rýmið sé of lítið.

Reynslan af þessari reglugerð kallar því á viðbrögð. Til að tryggja réttindi og aðstæður barna er a.m.k. hægt að gera tvennt. Annars vegar að skýra betur og gera afdráttarlausara umboð leikskólastjóra til að taka ákvörðun um barnafjölda í leikskólanum hverju sinni og hins vegar að breyta reglugerðinni þannig að í henni verði lágmarksviðmið þess leikrýmis sem barn á að hafa. Ennfremur er mikilvægt að virða lágmarksviðmið um rými fullorðinna í reglugerð um húsnæði og vinnustaði 581/1995 svo tryggja megi starfsfólki leikskóla viðunandi starfsumhverfi.

Tillögur starfshópsins eru þessar:

1. Bæta þarf inn í reglugerð um leikskóla lágmarksviðmiði um stærð leikrýmis sem tilheyrir leikskóladeild, þ.e. þess svæðis sem nýtist til leiks og náms allan daginn. Í samræmi við niðurstöður kannananna leggur starfshópurinn til að það viðmið verði ekki minna en 5,8 m² fyrir hvert barn.
2. Taka þarf tillit til reglugerðar um húsnæði og vinnustaði 581/1995 um lágmarksviðmið um rými fyrir hvern fullorðinn. Gera skal ráð fyrir 4,8 m² til viðbótar við það rými sem tilheyrir hverju barni.
3. Gera þarf ráð fyrir rými fyrir stoðtæki vegna sérþarfa barna.
4. Samkvæmt nógildandi reglugerð um starfsumhverfi leikskóla á leikskólastjóri að taka ákvörðun um fjölda barna, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu. Setja þarf markvissar verklagsreglur um slíkt samráð svo umboð leikskólastjóra verði afdráttarlaust til að taka ákvörðun um barnafjölda í leikskólum hverju sinni.

Könnun meðal leikskólastjóra

1. Hve mörg börn eru í leikskólanum sem þú starfar í?
2. Hver tekur ákvörðun um **fjölda barna** í leikskólanum/leikskólum í þínu sveitafélagi?
3. Hvernig upplifir þú sem stjórnandi samráð við rekstraraðila vegna **barnafjölda** ? (opið svar)
4. Hversu oft á þetta samráð sér stað?
5. Hvað af eftirfarandi atriðum hefur áhrif á ákvörðun um **fjölda barna**? Samsetning barnahópsins, dvalartími barna dag hvern, aldur barna, þarfir barna, samsetning starfsmannahópsins
6. Er skilgreindur **hámarksfjöldi barna** í leikskólanum?
7. Hver tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu **starfsmannahópsins**?
8. Er sú ákvörðun tekin í samráði við leikskólastjóra?
9. Gerir leikskólastjóri mat og tillögu um fjölda og samsetningu **starfsmannahópsins** sem miðast við aldur, þarfir og fjölda barna?
10. Hvað finnst þér um **deildarrýmið** sem hvert barn hefur til leiks og náms?
11. Hvað finnst þér um **deildarrými og sameiginleg svæði** innan skólans sem hvert barn hefur til leiks og náms?
12. Hvað telurðu **hæfilegan** fermetrafjölda í **leikrými** fyrir hvert barn innan deildar? (fellival frá 1m²-10m²)
13. Hvað telurðu **hæfilegan** fermetrafjölda í **leikrými** fyrir hvert barn innan deildar og sameiginlegra svæða? (fellival frá 1m²-10m²)
14. Hvað telur þú að hvert barn í þínum leikskóla **hafi** margra fermetra leikrými innan deildar? (fellival frá 1m²-10m²)
15. Hvað telur þú að hvert barn í þínum leikskóla **hafi** margra fermetra **leikrými** innan deildar og sameiginlegra svæða? (fellival frá 1m²-10m²)
16. Er gert ráð fyrir auknu **rými** vegna nauðsynlegra stoðtækja barna með sérþarfir?
17. Á fermetrafjöldi að taka tillit til **fullorðinna** í rými?
18. Ef já - hvað telur þú að hver fullorðinn á þinni deild **eigi að hafa** margra fermetra innan deildarinnar? (fellival frá 1m²-10m²)
19. Ef já - hvað telur þú að hver fullorðinn eigi að hafa margra fermetra innan deildar og sameiginlegra leikrýma? (fellival frá 1m²-10m²)
20. Hver er þinn starfsaldur í leikskóla?
21. Í hvaða landshluta er leikskólinn
22. Eitthvað annað sem brennur á þér?

Könnun meðal leikskólakennara

1. Hve mörg börn eru í leikskólanum sem þú starfar í?
2. Á hvaða aldri eru börnin á þinni deild?
3. Hve mörg börn eru á þinni deild?
4. Hvað finnst þér um **fjölda barna** á þinni deild?
5. Hefur þú áhrif á fjölda barna á þinni deild?
6. Hver tekur ákvörðun um fjölda barna á þinni deild?
7. Hver tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskólanum í þínu sveitafélagi?
8. Hvað af eftirfarandi hefur áhrif á ákvörðun um fjölda barna? Samsetning barnahópsins, dvalartími barna dag hvern, aldur barna, þarfir barna, samsetning starfsmannahópsins
9. Hvernig upplifir þú samráð við rekstraraðila vegna **barnafjölda** ? (Opin spurning)
10. Hvaða viðmiðum um barnafjölda er farið eftir við útreikninga á þinni deild? (opin spurning)
11. Hvaða viðmiðum um barnafjölda er farið eftir við útreikninga í þínum leikskóla?
12. Er það þín tilfinning að þessi viðmið henti núverandi aðstæðum?
13. Hvað finnst þér um **deildarrýmið** sem hvert barn hefur til leiks og náms?
14. Hvað finnst þér um **deildarrými og sameiginleg svæði** innan skólans sem hvert barn hefur til leiks og náms?
15. Hvað telurðu **hæfilegan** fermetrafjölda í **leikrými** fyrir hvert barn innan deildar? (fellival frá 1m²-10m²)
16. Hvað telurðu **hæfilegan** fermetrafjölda í **leikrými** fyrir hvert barn innan deildar og sameiginlegra svæða? (fellival frá 1m²-10m²)
17. Hvað telur þú að hvert barn á þinni deild **hafi** margra fermetra leikrými innan deildarinnar? (fellival frá 1m²-10m²)
18. Hvað telur þú að hvert barn á þinni deild **hafi** margra fermetra **leikrými** innan deildar og sameiginlegra svæða? (fellival frá 1m²-10m²)
19. Er gert ráð fyrir auknu **rými** vegna nauðsynlegra **stoðtækja** barna með sérþarfir?
20. Hvert er þitt **óskafyrirkomulag** um rými barna?
21. Á fermetrafjöldi að taka tillit til **fullorðinna** í rými?
22. Hvað telur þú að hver fullorðinn á þinni deild **eigi að hafa** margra fermetra innan deildarinnar? (fellival frá 1m²-10m²)
23. vað telur þú að hver fullorðinn eigi að hafa margra fermetra innan deildar og sameiginlegra leikrýma? (fellival frá 1m²-10m²)
24. Hvert er starfsheiti þitt (skv. launaseðli)?
25. Hver er þinn starfsaldur í leikskóla?
26. Í hvaða landshluta er leikskólinn?
27. Eitthvað annað sem brennur á þér?

Könnun meðal fræðslustjóra

1. Hver tekur ákvörðun um **fjölda barna** í leikskólum í þínu sveitafélagi?
2. Kemur leikskólastjóri að ákvörðun um **fjölda barna** í leikskóla hverju sinni?
3. Hvernig er samráði milli sveitarfélags og leikskóla háttað (t.d. hversu oft?)
4. Hvað af eftirfarandi atriðum hefur áhrif á ákvörðun um fjölda barna? Samsetning barnahópsins, dvalartími barna dag hvern, aldur barna, þarfir barna, samsetning starfsmannahópsins, menntun starfsfólks.
5. Er skilgreindur hámarksfjöldi barna í leikskólum sveitarfélagsins?
6. Hver tekur ákvörðun um fjölda stöðugilda í hverjum leikskóla?
7. Er sú ákvörðun um fjölda stöðugilda tekin í samráði við leikskólastjóra?
8. Hver tekur ákvörðun um samsetningu starfsmannahóps (starfsheiti, menntun og reynsla) hvers leikskóla?
9. Er sú ákvörðun tekin í samráði við leikskólastjóra?
10. Gerir leikskólastjóri mat og tillögu um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins sem miðast við aldur, þarfir og fjölda barna?
11. Er til viðmið um fermetrafjölda fyrir hvert barn í leikskóla hjá sveitarfélaginu?
12. Telur þú að rými samkvæmt viðmiði sé nægjanlegt?
13. Hve margir fermetrar eru að þínu mati nægilegt rými fyrir hvert barn á deild?
14. Er gert ráð fyrir auknu rými fyrir stoðtæki barna með sérþarfir?
15. Á fermetrafjöldi að taka tillit til **fullorðinna** í rými?
16. Ef já - hvað telur þú að hver fullorðinn **eigi að hafa** marga fermetra innan deildar?